

## **Reglur um leikskólaþjónustu Akureyrarbæjar**



**Endurskoðun samþykkt í fræðslu- og lýðheilsuráði 13. maí 2024 og í bæjarráði  
23. maí 2024.**

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	3
<b>1. Umsókn um leikskóla</b> .....	3
<b>2. Innritunarferli</b> .....	3
<b>4. Umsókn um flutning milli leikskóla</b> .....	4
<b>5. Uppsögn í leikskóla</b> .....	4
<b>6. Staðfesting á leikskólagöngu, skólasamningur og uppsagnarfrestur</b> .....	4
<b>7. Opnunartími, skipulagsdagar, skráningardagar og sumarleyfi</b> .....	4
<b>8. Skilyrði fyrir leikskólagöngu</b> .....	4
<b>9. Veikindi barna</b> .....	5
<b>10. Sérúrræði</b> .....	5
<b>11. Gjaldskrá</b> .....	5
<b>12. Kostnaður við leikskólagöngu barns</b> .....	5
<b>13. Tímabundin leikskólaganga í öðru sveitarfélagi</b> .....	6
<b>14. Tvöföld leikskólaganga</b> .....	6
<b>15. Erlendar fjölskyldur</b> .....	6

## Inngangur

Reglur þessar gilda um leikskólaþjónustu Akureyrarbæjar og um sjálfstætt starfandi leikskóla (undanskilinn kafli 13). Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. [barnalögum nr. 76/2003 með síðari breytingum](#).

### 1. Umsókn um leikskóla

Á heimasíðu Akureyrarbæjar er að finna [lista yfir alla leikskóla](#) sem starfræktir eru á Akureyri. Foreldrar geta sótt um leikskóla eftir að barn hefur fengið kennitölu. Sótt er um á rafrænu formi í [þjónustugátt á akureyri.is](#)

Mikilvægt er að umsóknum sé skilað inn fyrir 1. febrúar árið sem óskað er eftir að barnið hefji leikskólagöngu.

### 2. Innritunarferli

Innritunaráldur í leikskóla hjá Akureyrarbæ miðast við að börn hafi náð 12 mánaða aldri 31. ágúst árið sem þau innritast. Viðmið um aldur eru endurskoðuð árlega. Innritað er með rafrænum hætti og fá foreldrar send innritunarbréf frá leikskóla í tölvupósti.

- ❖ Foreldrar sækja um leikskóla í aðalval og varaval. Umsókn í aðalvali hefur ákveðið vægi í innritunarferlinu þar sem umsóknum í aðalvali er raðað á biðlista skólans eftir kennitölum barnanna.
- ❖ Ef ekki er hægt að verða við ósk foreldra um skóla í aðalvali, er umsókn færð á lista þess skóla sem settur er í varaval. Umsókn úr varavali fer ekki fram fyrir umsókn í aðalvali hvers skóla fyrir sig. Ef skóli í varavali er þegar fullsetinn er leitast við að finna laus rými í öðrum skólum.
- ❖ Ef foreldrar sækja eingöngu um einn skóla og fá ekki tilboð um innritun þar, er leitast við að bjóða þeim innritun í annan skóla fyrir barn sitt.
- ❖ Við innritun er tekið tillit til barna sem eiga eldra systkini í umsóknarskóla. Sá systkinaforangangur gildir ef eldra systkini á eftir a.m.k. 6 mánuði af leikskólagöngu þegar yngra barn hefur aðlögun í skólann.
- ❖ Í byrjun júnímánaðar er börnum raðað á deildir í hverjum skóla. Við niðurröðun á deildir er m.a. horft til aldursamsamsetningar barnahópsins skólans. Eftir að aldursamsetning hverrar deildar hefur verið ákvörðuð, þá þarf að taka tillit til þeirrar aldursamsetningar þegar pláss losnar á einstökum deildum, jafnframt því að taka þarf tillit til kyns í kjörnum í leikskólanum Hólmasól

### 3. Forgangur

Hægt er að óska eftir forgangi í leikskóla vegna:

- ❖ Barna með sérþarfir. Greining þarf að vera fyrirliggjandi frá viðurkenndum greiningaraðilum s.s. Ráðgjafar - greiningarstöð, sálfræðingum og/eða barnalæknum.
- ❖ Barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður samkvæmt mati velferðarsviðs og/eða lækna.
- ❖ Annarra aðstæðna.

Allar forgangsbeiðnir skulu berast skriflega og rökstuddar gögnum frá ofangreindum aðilum Matshópur á fræðslu-og lýðheilsusviði metur beiðnir um forgang sem berast.

#### 4. Umsókn um flutning milli leikskóla

Foreldrar sækja um flutning milli leikskóla á rafrænu formi í [þjónustugátt Akureyrarbæjar](#). Umsóknir raðast á umsóknarlista eftir kennitölu barns. Ekki er hægt að tryggja flutning milli leikskóla á almanaksárinu, ef umsóknin berst eftir 1. febrúar ár hvert.

#### 5. Uppsögn í leikskóla

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. dag hvers mánaðar. Sumarlokun skólans telst ekki til uppsagnarfrests. Uppsögnum er skilað með rafrænum hætti í gegnum [þjónustugátt Akureyrarbæjar](#)

Foreldrar barna sem eru að ljúka leikskólagöngu vegna aldurs, skila uppsögn í byrjun febrúar ár hvert.

#### 6. Staðfesting á leikskólagöngu, skólasamningur og uppsagnarfrestur

Meginþorri aðlögunar barna fer fram að hausti en í undantekningartilvikum getur aðlögun hafist að vori. Innritunarferlið hefst með því að foreldrum er sent innritunarbréf frá viðkomandi leikskóla.

- ❖ Foreldrar samþykkja eða hafna skólagöngu í leikskólanum við skólastjórnendur skólans innan fimm daga frá dagsetningu innritunarbréfs.
- ❖ Berist skólastjórnendum ekki staðfesting frá foreldrum innan þessara fimm daga, er haft samband við foreldra með símtali eða tölvupósti
- ❖ Áður en barn hefur leikskólagöngu undirrita foreldrar og skólastjóri skólasamning. Með undirritun sinni á skólasamningi staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér upplýsingar sem þar koma fram og skuldbinda sig til að hlíta þeim.

#### 7. Opnunartími, skipulagsdagar, skráningardagar og sumarleyfi

Leikskólar Akureyrarbæjar eru opnir frá kl 07:45 til kl 16:15. Skólarnir bjóða upp á ákveðna skólatíma og geta foreldrar valið úr þeim tímum. Leikskólar loka 48 klukkutíma á ári vegna skipulagsdaga sem fela í sér, endurmenntun, undirbúning og skipulags starfsins. Upplýsingar um skipulagsdaga eru á skóladagatali hvers skóla. Engin breyting er á leikskólagjöldum vegna skipulags- eða námskeiðsdaga.

Alls 20 valfrjálsir skráningardagar eru á hverju skólaári. Þá daga velja foreldrar hvort þeir skrá börn sín í skólann. Sérstök greiðsla er innheimt fyrir skráningardagana. Skráningu lýkur a.m.k. 20 dögum fyrir skráningardag. Skólagjöld fyrir skráningardagana greiðist með mánaðargjaldi.

Leikskólar loka í 20 virka daga samfelld yfir sumartímann. Tilhögun sumarlokunar skóla er háð ákvörðun fræðslu-og lýðheilsuráðs hverju sinni og skulu upplýsingar um það liggja fyrir um áramót. Júlímánuður er gjaldfrír mánuður fyrir þá nemendur sem koma aftur inn í skólann eftir sumarlokun og nýta skólatíma umfram tímann frá kl. 8:00 - 14:00.

#### 8. Skilyrði fyrir leikskólagöngu

Allir foreldrar geta sótt um leikskóla fyrir börn sín, óháð búsetu þeirra á þeim tíma, en lögheimili barns í sveitafélaginu er skilyrði þess að börn geti hafið skólagöngu í leikskóla á Akureyri. Akureyrarbær niðurgreiðir skólagöngu barns á einum stað í senn. Foreldrar sem eiga ógreidd skólagjöld fá ekki að innrita annað barn fyrir en búið er að gera upp eða semja um skuldina.

## 9. Veikindi barna

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um niðurfellingu fæðiskostnaðar [í þjónustugátt á akureyri.is](http://þjónustugátt.akureyri.is)

## 10. Sérúrræði

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá hann að fenginni samþykkt frá fræðslu-og lýðheilsusviði.

## 11. Gjaldskrá

Frá 1. janúar 2024 eru skólatímar barna frá kl. 8:00 – 14:00 gjaldfrjálsir. Allir skólatímar umfram 8:00 – 14:00 eru gjaldskyldir. Foreldrar geta sótt um afslátt af gjaldskyldum skólatíma. Afslættir af gjaldskyldum skólatíma eru tekjutengdir og miðast annars vegar við einstæða foreldra og hins vegar við foreldra í sambúð. Tekið er mið af tekjum skv. skattframtali fyrra árs, [sjá gjaldskrá leikskóla](#). Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjaldi. Skólagjöld skerðast ekki þrátt fyrir frídaga eða óvænta fjarveru nemandar. Gjald er tekið frá fyrsta degi í skólanum, umfram tímann frá kl. 8:00 – 14:00.

Fjölskylduafsláttur er samtengdur milli daggæslu, leikskóla og/eða frístundar. Til að njóta fjölskylduafsláttar þurfa börn innan sömu fjölskyldu að vera skráð á kennitölu sama forráðamanns og með sameiginlegt lögheimili.

## 12. Kostnaður við leikskólagöngu barns

Akureyrarbær greiðir að stærstum hluta kostnað við skólagöngu barna í leikskólum bæjarins. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum umfram tímann frá kl. 8:00 – 14:00. Kostnaðarhlutfall foreldra kemur fram á reikningum ásamt hráefniskostnaði vegna fæðis barna í leikskólanum.

- ❖ Gjöld fyrir skólagöngu í leikskóla eru innheimt með rafrænum hætti í heimabanka foreldra. Foreldrar geta skoðað reikninga frá Akureyrarbæ í þjónustugáttinni á vef Akureyrarbæjar. Þar er jafnframt hægt að óska eftir prentuðum greiðsluseðli.
- ❖ Skólagjöld eru greidd fyrirfram og er eindagi 15. – 18. hvers mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga leggjast á dráttarvextir frá og með gjalddaga.
- ❖ Skólagjöld skerðast ekki þrátt fyrir frídaga eða fjarveru barns og tekið er fullt gjald frá fyrsta degi aðlögunar umfram gjaldfrjálsan tíma frá kl. 8:00 – 14:00. Þetta gildir þó ekki alfarið um langveik börn, sbr. samþykkt fræðslu-og lýðheilsuráðs frá 1. janúar 1998 um rétt langveikra barna.
- ❖ Ef skólagjöld eru ógreidd 8 dögum eftir eindaga fá foreldrar senda innheimtuviaðvörðun þar sem þeim er gefinn frestur til greiðslu. Ef skuldin er enn ógreidd 20 dögum eftir eindaga fer hún sjálfkrafa til innheimtu hjá innheimtufyrirtæki. Vakin er athygli á því að innheimtukostnaður bætist við skuldina við hvert innheimtubréf sem sent er frá innheimtufyrirtækinu og jafnframt reiknast dráttarvextir.
- ❖ Skuldi foreldrar þrjá mánuði er skólasamningi við leikskólann sagt upp. Barnið eða önnur börn þessara foreldra verða ekki innrituð aftur í leikskóla fyrr en búið er að gera upp eða semja um skuldina.
- ❖ Í uppsagnarbréfi er gefinn mánaðarfrestur til að greiða eða semja um skuldina hjá innheimtufyrirtæki. Hins vegar ef skuldari hvorki greiðir né semur um skuld sína er skólasamningi sagt upp að greiðslufresti loknum.

- ❖ Sé greiddandi hættur í þjónustu hjá fræðslu-og lýðheilsusviði og á enn ógreidda skuld eftir þriðja innheimtubréf, er sent út svokallað lögfræðibréf með tilheyrandi kostnaði. Ef skuldin er enn ekki greidd að loknum fresti er hún sett í innheimtu eða kröfuvakt. Fjársýslusvið Akureyrarbæjar tekur endanlega ákvörðun um hvor leiðin er farin.

### 13. Tímabundin leikskólaganga í öðru sveitarfélagi

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili. Ef foreldri barns óskar eftir tímabundinni leikskólaganga fyrir barnið í öðru sveitarfélagi, skal send inn umsókn þess efnis og tilgreindar ástæður umsóknar.

Umsókn, reglur og nánari upplýsingar er að finna í [þjónustugátt Akureyrarbæjar](#).

Sviðsstjóri fræðslu-og lýðheilsusviðs afgreiðir umsóknir um leikskólagöngu í öðru sveitarfélagi og staðfestir greiðsluskyldu bæjarins vegna leikskólagöngu barns. Greiðslur miðast við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefin er út í upphafi hvers skólaárs.

Við afgreiðslu umsóknar er fyrst og fremst horft til eftirfarandi aðstæðna:

- ❖ Foreldrar stunda starfsnám eða háskólanám í öðru sveitarfélagi.
- ❖ Nemendur eru vistaðir í tímabundnu fóstri af barnavernd í öðru sveitarfélagi.
- ❖ Mælt er með því af sérfræðiþjónustu að nemandi sæki leikskóla í annað sveitarfélag vegna sérstakra aðstæðna.

Hver umsókn er afgreidd í hámarki í 6 mánuði í senn. Að jafnaði er gert ráð fyrir að umsóknir vegna ofangreindra aðstæðna séu teknar til umfjöllunar.

### 14. Tvöföld leikskólaganga

Berist umsókn um tvöfalda skólaganga barns í leik- eða grunnskóla er það stefna Akureyrarbæjar að hafna slíkri ósk. Sjá [nánar samþykkt fræðslu-og lýðheilsuráðs Akureyrarbæjar](#): Samkvæmt álit Sambands íslenskra sveitarfélaga gengur það gegn hagsmunum og þörfum barna að ganga í tvo skóla hvort sem barnið er á leik- eða grunnskólaaldri. Leiðbeinandi álit um tvöfalda skólagöngu Sambands íslenskra sveitarfélaga má finna [hér](#).

### 15. Erlendar fjölskyldur

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið á Akureyri við nám eða störf, geta sótt um tímabundna leikskólagöngu.

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og/eða lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskóla á Akureyri. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu á Akureyri, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og að gera megri ráð fyrir, að þegar lögheimili er fengið verði það á Akureyri.

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Akureyri með eftirfarandi gögnum:

- ❖ Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelji á Íslandi án dvalarleyfis skv. [lögum um útlendinga nr. 96/2002](#), þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis á Akureyri.
- ❖ Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga (sjá lög ofar) þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang á Akureyri.
- ❖ Hælisleitendur skv. lögum um útlendinga (sjá tengil á lög ofar), þurfa að leggja fram skráningarskírteini hælisleitanda frá Útlendingastofnun og þarf Útlendingastofnun að hafa

gert samning við Akureyrarbæ um að framfærsla og húsnæði hælisleitanda verði í höndum Akureyrar.

- ❖ Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga (sjá lög ofar) sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Akureyri þurfa að leggja fram staðfestingu þess efnis.

Endurskoðaðar reglur voru samþykktar í fræðslu-og lýðheilsuráði 13. maí 2024 og í bæjarráði 23. maí 2024.